



Hvanneyri 11 maí 2015

## Lokaskýrsla fyrir verkefnið Yndisgróður 1. mars 2014- 30 apríl 2015.

Annar áfangi verkefnisins Yndisgróður hófst vorið 2014. Unnið var eftir markmiðum og verkáætlun sem sjá má í styrkumsókn. Meginmarkmiðið verkefnisins er að koma á markað íslenskum úrvalsplöntum garð- og landslagsplantna.

Nýr starfsmaður Steinunn Garðarsdóttir var ráðinn í hálf starf 16. febrúar 2015.

**Markmið 1** Unnið var við að vakta söfn Yndisgróðurs, gerðar voru skráningar á plöntum og þær ljósmyndaðar eins og undanfarin ár. Mikil vinna var lögð í umhirðu við söfnin s.s. illgresishreinsun, áburðargjöf og klipping.

**Markmið 2** Yrkjum sem valin voru til framleiðslu sumarið 2013 var dreift. Í samstarfi við hagsmunaaðila var unnið að því að ákvarða hverskonar gerðir tegunda mest þörf er á markaðinn. Meira vantar smávaxna runna og tré og þekjandi tegundir. Á plöntuskoðunarfundi á Reykjum í júlí voru valin nokkur yrki í framleiðslu.

**Markmið 3** Sett voru upp skilti með nöfnum tegunda í safninu í Fossvogi. Slaufumiðar voru endurnýjaðir í öllum söfnum eins og kostur gafst. Skráning á upplýsingum um plöntur í gagnagrunn hélt áfram eins og undanfarin ár.

**Markmið 4** Halda áfram að safna og bæta við í klónasöfn nýjum efniviði í samvinnu við hagsmunaaðila:

- a. Í samvinnu við Reykjavíkurborg og gróðrarstöðina mörk voru valin og flutt inn yrki trjátegunda sem hentað gætu sem götutrú í bæjarumhverfi.
- b. Töluvert var gróðursett af nýjum yrkjum í söfnin, sérstaklega á Reykjum, Hvanneyri og Fossvogi og í minna mæli á Blönduósi og í Sandgerði
- c. Safn íslenskra víðiyrkja aðallega loðvíðis og gulvíðis var ræktað upp í gróðursetningastærð á Hvanneyri og verður gróðursett vorið 2015. Beð fyrir safnið var undirbúið á Hvanneyri og er tilbúið til gróðursetningar.
- d. Haldið var áfram að safna og planta fjölærum plöntum í safnið í Fossvogi með áherslu á notkun fyrir bæjarfélög o.fl. sem krefjast lítillar umhirðu.

**Markmið 5** Kallað var til fundar í júlí þar sem allir meðlimir í Félagi garðplöntuframleiðenda, auk annarra fulltrúa úr garðyrkjugeiranum s.s. frá sveitarfélögum og skógræktinni, þar sem rætt um verkefnið. Myndaður var stýrihópur og skipað var í Yrkisnefnd á fundi sem haldin var í byrjun október. Stýrihópur fundaði 1. október 2014 og 20. janúar 2015. Haldinn var fundur nýskipaðrar yrkisnefndar 6. mars 2015. Unnið hefur verið að gerð Yrkislýsinga 20 íslenskra runnayrkja og verður það gefið út í ritroð Lbhí í maí 2015. Haldnir voru 4 erindi á vegum Yndisgróðurs.

Heimasíða YG <http://yndisgrodur.lbhi.is/> viðhaldið.

Samson Bjarnar Harðarson